

Aðalfundur SK 26.1 2015

Sundárið 2014

Árið 2014 var gott ár hjá sunddeild Keflavíkur. Eins og undanfarin ár vorum við í samstarfi með sunddeild UMFN og saman erum við besta unglingsliðið landssins og urðum við aldursflokkameistarar á Aldursflokkameistaramóti Íslands (AMÍ) með töluverðum yfirburðum og bikarmeistarar í kvennaflokki. Sundárið hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin fjögur ár. Við höldum lokahóf fjórða árið í röð þar sem veitt voru verðlaun fyrir mætingu og árangur ársins 2013 og tókst það mjög vel. Við gefum út fréttabréf einu sinni í mánuði þar sem sundmenn mánaðarins eru valdir í öllum flokkum og í öllum laugum og kemur það út á heimasíðu okkar www.keflavik.is/sund. Að gefa út svona blað er mikil vinna og vil ég þakka þeim sem koma að því kærlega fyrir því þarna er góð leið fyrir foreldra og sundmenn að fylgjast með því mikla starfi sem við höldum úti. Æfingardagarnir voru á sínum stað en þá koma okkar yngstu sundmenn og fá að æfa í Vatnaveröld. Þar fá þau að sjá aðra þjálfara og að kynnast því að æfa í stóru lauginni okkar því oft hefur það verið þeim erfitt að koma úr litlu hverfislaugunum okkar og byrja að æfa í stóru lauginni og hafa þessir æfingadagar mælst virkilega vel fyrir.

Í nóvember 2013 á Íslandsmótinu í 25 metra laug þá varð Íris Ósk Íslandsmeistari í 400 metra fjórsundi í flokki fullorðinna, Kristófer varð Íslandsmeistari í 200 og 400 metra skriðsundi í 25 metra laug og Baldvin Sigmarsson varð Íslandsmeistari í 400 metra fjórsundi

Í desember 2014 fóru þau Íris Ósk, Birta María, Erla, Svanfríður, Baldvin, Þröstur og Kristófer og syntu á Norðurlandamóti unglunga (NMU) sem haldið var í Færeyjum þetta árið. Þar ber helst ber að nefna að Íris Ósk varð Norðulandameistari í 200 metra baksundi í 25 metra laug annað árið í röð, frábært hjá henni. Kristófer Sigurðsson var í öðru sæti í 400 m skriðsundi og var í boðsundssveit Íslands sem endaði í 3. sæti í 4x200 metra skriðsundi.

Á árlegu hófi sem haldið er um hver áramót voru þau Íris Ósk Hilmarsdóttir og Kristófer Sigurðsson valin sundmenn Keflavíkur og Kristófer var svo valinn sundmaður Reykjanesbæjar. Þau stóðu sig bæði mjög vel á árinu, unnu til fjölda einstaklingsverðlauna og með liði sínu ÍRB á árinu. Eins og áður sagði varð Íris Ósk Norðurlandameistari unglunga annað árið í röð.

Dagana 6.-10. febrúar ferðaðist hópur 19 sundmanna ásamt þjálfara og tveimur fararstjórum til Luxemborgar til þess að taka þátt í Euromeet sundmótinu sem er eitt sterkasta mótið á fyrri hluta sundtímabilsins í Evrópu. Í ár var keppnin á mótinu afar hörð enda margir heimsklassasundmenn að keppa þar eins og til dæmis Katinka Hosszu frá Ungverjalandi og Paul Biederman frá Þýskalandi. Bestum árangri náði Þröstur Bjarnason í 1500 m skriðsundi. Hann

var sjötti í sínum aldursflokki og 9. í opnum flokki með 720 FINA stig og náði hann að bæta íslenska piltametið sem Ólympíufarinn Anton Sveinn Mckee úr Ægi átti. Hann bætti tímum úr 16:19 í 16:14 og náði næstum því að bæta 800 m metið í leiðinni. Þessi tími er sá besti í sögu ÍRB en eldra metið átti Sindri Þór Jakobsson sem æfir nú í Noregi. Með þessum tíma náði Þróstur lágmarkinu með íslenska landsliðinu á Evrópumeistaramót unglunga í sumar og er þetta fyrsta Íslandsmetið í einstaklingsgrein sem hann nær. Ferðin var frábær í alla staði, var mjög vel skipulögð. Keppnin var af hæfilegum styrkleika fyrir bestu sundmenn okkar þar sem samkeppnin var mun meiri en hægt er að fá á Íslandi. Það var erfitt en þó möguleiki á að ná verðlaunum og ná í úrslit og þarna gafst dýrmætt tækifæri til þess að fylgjast með þeim bestu í heiminum. Bestu þakkir fá Baldur Sæmundsson og Guðrún Jóna Árnadóttir fyrir framúrskarandi skipulagningu og góða umhyggju fyrir sundmönnum alla ferðina. ÍRB heldur áfram að bjóða upp á spennandi tækifæri fyrir liðsmenn sína.

Í apríl síðastliðinn keppti lið sundmanna frá Keflavík á Íslandsmeistaramótinu í 50 metra laug og stóðu þau sig nokkuð vel en samtals unnu sundmenn ÍRB 35 verðlaun, 5 gull, 16 silfur og 14 brons. Þróstur Bjarnason var Íslandsmeistari í bæði 800 og 1500 m skriðsundi, Kristófer Sigurðsson í 200 m skriðsundi og Sylwia Sienkiewicz í 200 metra flugsundi.

Á garpamótinu keppti Sigmar Björnsson í 100 metra bringusundi og var hann þar í fyrsta sæti og tók þar við enn einum gullverðlaunum í þessari grein.

Við héldum okkar árlega Landsbankamót um miðjan maí. Mótið gekk í alla staði vel og var það með svipuðu sniði og undanfarin ár þar sem okkar yngstu sundmenn fá að njóta sín í lauginni á föstudeginum og svo er endað í hinum sívinsæla sjóræningjaleik um kvöldið og allir fá sinn þátttökupening. Eldri sundmennirnir kepptu svo á laugardeginum og sunnudeginum og stóðu allir sig mjög vel. Of langt mál er að fara yfir þá sem unnu til verðlauna á þessu móti en hægt er að finna öll úrslit á mótum okkar á heimasíðunni okkar www.keflavik.is/sund. Eins og undanfarin ár kepptu yfir 500 sundmenn á mótinu frá 14 félögum. Eins og áður fóru svo sundmenn í bíó á milli hluta og var mikil og góð stemning á mótinu. Til að halda mót af þessum stærðargráðum er nauðsynlegt að hafa samstilltan hóp foreldra en við hjá sunddeildinni eru heppin að hafa frábært fólk sem skilar þessari vinnu ár eftir ár með miklum sóma. Við viljum þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn; foreldrum, starfsfólki Vatnaveraldar, starfsfólki Holtaskóla, starfsfólki Skólamatar og okkar helstu styrktaraðilum, Landsbankanum, Reykjanesbæ, Nettó og Sigurjóni í Sigurjónsbakaríi.

Eftir að móti lauk var svo glæsilegt lokahóf og uppskeruhátíð í hátíðarsal FS. Þangað mættu yfir 200 manns til kvöldverðar og fjölmargar viðurkenningar og verðlaun voru afhent. Veitt voru verðlaun eftir hvatningarkerfi okkar og einnig voru verðlaunaðir sundmenn hvers aldursflokks fyrir sig.

Aldursflokkameistaramót Íslands var haldið í Reykjanesbæ um miðjan júní og fór lið ÍRB með sigur af hólmi. Við unnum stigakeppnina með 1069,5 stig. Í öðru sæti var lið Ægis með 536 stig og í þriðja sæti var lið SH með 458 stig. Á AMÍ kepptu sundmenn 15 ára og yngri og vann ÍRB 159 verðlaun, þar af 67 gull. Við áttum stóran hóp verðlaunahafa þar af marga aldursflokkameistara. Á lokahófi ÍRB fengu nokkrir sundmenn sem sköruðu fram úr verðlaun en frá ÍRB voru það Eva Margrét Falsdóttir sem var stigahæsta Hnátan, Diljá Rún Ívarsdóttir sem var stigahæsta Meyjan. Már Gunnarsson fékk svo styrk úr minnigarsjóði Ólafs Þórs Gunnlaugssonar. Við þökkum öllum sem lögðu hönd á plóg við skipulag, undirbúning, framkvæmd og vinnu á mótinu. Til hamingju sundmenn og þjálfarar með þennan glæsilega árangur!

Í kjölfar Aldursflokkameistaramóts Íslands (AMÍ) hélt unglingslið ÍRB á Unglingameistaramót Íslands (UMÍ) fyrir sundmenn 15-20 ára. ÍRB voru sigurvegarar mótsins með 90 verðlaun og þar af 43 gull. Kristófer Sigurðsson (18-20) og Þröstur Bjarnason (15-17) unnu til verðlauna fyrir stigahæstu sund í sínum aldursflokkum. Til hamingju sundmenn og þjálfarar með flottan árangur.

Í júlí fóru þau Íris Ósk og Þröstur á Evrópumeistaramót Unglinga sem haldið var í Dordrecht í Hollandi. Þau náðu sér ekki á strik á mótinu en reynslan sem sundmenn fá á svona stórum mótum er mikil og mjög mikilvæg og það gengur bara betur næst.

Einnig í júlí fór Stefanía Sigurþórsdóttir á Norðurlandameistaramóti æskunnar (NÆM) í Danmörku. Stefanía bætti sig vel í 800 skrið, 200 bringu, 400 fjór og var nálægt tíma sínum í 100 fjór, flott hjá Stefaníu.

Bikarkeppni SSÍ var haldin í október. Þar stóðu sundmenn okkar sig virkilega vel. Við vorum með lið í 1. deild í karla og kvennaflokki og svo vorum við með b lið í 2. deild. Stelpurnar í 1.deild sýndu aftur fjölbærni sína og styrk með því að skara fram úr öðrum liðum og ná að sigra Bikarmótið annað árið í röð. Þær bættu stigaskor sitt og náðu að halda aftur af sterku liði SH. Strákarnir í 1. deild náðu 2. sæti annað árið í röð og það sást að liðið er efnilegt þar sem yngstu sundmennirnir áttu mjög góð sund. Liðið var í öðru sæti á eftir SH eins og í fyrra. Stelpurnar í 2. deild lentu í 2. sæti í ár og voru á eftir nýju sameinuðu liði Reykjavíkurliðanna, Ægis, KR, Ármanns og Fjölnis. Frábær andi í hópnum að berjast fyrir öðru sæti og enda með 4. hæsta stigaskorið yfir báðar kvennadeildirnar!

Í Nóv 2014 kepptum við á ÍM50. Þar eignuðumst við þar 14 íslandsmeistaratitla og unnum við til flestra verðlauna á mótinu. Það er gaman að segja frá því að frá árinu 2010 erum við búin að vinna jafnt og þétt fleiri íslandsmeistaratitla með hverju árinu sem líður sem sýnir hve gott starf við erum að vinna í deildinni, þá á ég við alveg frá þjálfun okkar yngsu iðkennda til þeirra elstu.

Í desember 2014 fóru þau Þröstur, Íris og Baldvin til Svíþjóðar á Norðurlandamót Unglinga. Baldvin náði sér þar í silfurverðlaun í 200 metra flugsundi með frábæru sundi.

Einnig í desember fór Kristófer til Doha í Katar og keppti á HM þar í 25 metra laug og stóð sig með stakri þrífði á sínu fyrsta Heimsmeistaramóti.

Við tókum einnig þátt í mörgum smærri mótum eins og Gullmóti KR, Stórmóti SH, Ármannsmóti og fleiri mótum þar sem sundmenn okkar komu allstaðar vel fyrir, stóðu sig vel og voru sjálfum sér og félagi okkar til mikillar sóma. Hægt er að sjá úrslit þessara móta hér <http://keflavik.is/sund/keppni/urslit/>. Það hefur verið mikið fjör í kringum starfið okkar í ár og sundliðið okkar hefur verið að gera virkilega góða hluti í ár. Einnig hefur þeim farið fjölgandi sem hafa verið að synda með unglingslandslíðum okkar og er það merki um það góða starf sem unnið er í deildinni og þeim frábæru þjálfurum sem við höfum í okkar röðum en óhætt er að segja að við erum með frábæra þjálfara innan okkar raða. Framtíðin er því björt hjá okkur í Sundráði ÍRB.

Falur Helgi Daðason

Formaður sunddeildar Keflavíkur.

Stjórn Sk árið 2014 skipuðu.

Falur Daðason, formaður.

Hilmar Örn Jónasson, varaformaður.

Guðmunda Róbertsdóttir, gjaldkeri.

Sigurþór Sævarsson, meðstjórnandi.

Gunnrún Theódórsdóttir, ritari.

Guðný Magnúsdóttir, varamaður

Guðrún Jóna Árnadóttir, varamaður.